

## Stjórnarfundur 4. mars 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Leifur Arason, Heiðrún Sigurðardóttir og Einar Gíslason.

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Meistaradeild Cintamani

Stjórn Fáks og stjórn Meistaradeildar Cintamani gerðu með sér samning í haust um að Meistaradeildin myndi leigja TM Reiðhöllina undir tvo viðburði þetta tímabilið; gæðingafimi og síðasta mót mótaráðarinnar (tölt og fljúgandi skeið). Nú hefur stjórn Meistaradeildarinnar tekið ákvörðun um að halda síðasta mótið í reiðhöllinni á Ingólfshvoli. Hlutaðeigendur hafa komist að samkomulagi vegna samningsrofs.

### 3. TM Reiðhöllin

Anddyri: Leggja þarf kapla fyrir hljóð og mynd vegna nýs búnaðar í anddyri reiðhallarinnar. Einar leggur til að hann og Þröstur leggi kaplana og fái svo fagmann í að ganga frá endum. Stjórn samþykkir þessa tillögu.

Gólf: Laga þarf undirlagið á reiðsvæðinu. Einar og Sigurbjörn finna leið í sameiningu við að laga herfið. Speglar: Breyta þarf festingum á speglum þannig að einfalt sé að taka þá niður þegar þarf. Einar og Sigurbjörn finna hentuga lausn.

### 4. Tölvubúnaður

Tölvubúnaði í eigu Fáks er ábótavant, sérstaklega þegar kemur að mótahaldi. Stjórnarmeðlimir munu athuga hvort þeir geti reddað notaðum tölvum og skjám.

### 5. ÍBR þing

ÍBR þing verður haldið 20. – 21. mars nk. í Laugardalshöllinni. Fákur á sæti fyrir 5 fulltrúar. Fylla þarf þessi sæti og tilnefna varamenn. Stjórnin fyllir 3-4 sæti, Einar ræðir við formenn nefnda og aðra nefndamenn til að fylla laus sæti.

### 6. Íslandsmót 2019


Staðfesting hefur borist frá LH um að Íslandsmót 2019 verði haldið á Fákssvæðinu. Hjörtur hefur rætt við formann Sörla, sem mun sjá um að blása til fundar með öllum aðildafélögum. Í mótanefnd verða 2 aðilar frá Spretti og Fákí, og 1 aðili frá hinum félögunum. Íva, formaður mótanefndar Fáks, og Svafar taka sæti í nefndinni fyrir hönd Fáks. Framkvæmdastjórar félaganna verða ekki í nefndinni en verða reiðubúnir til hjálpar ef þess þarf. Forgangsatíði nefndar er að senda umsókn um dómara til HÍDÍ fyrir mótið.

### 7. Reiðskólarnir

Uppfæra þarf samninga við reiðskólana sem hafa starfssemi á félagssvæði Fáks. Einar fer í það og boðar forsvarsmenn reiðskólanna á fund.

### 8. Félagsheimilið – auglýsing eftir rekstraraðila

Auglýst hefur verið eftir rekstraraðila fyrir veislusalinn í félagsheimilinu. Nokkrir aðilar hafa þegar sýnt áhuga.



**9. Beiðni frá LH**

LH hefur óskað eftir að fá afhent félagatal Fáks til að geta sent Fáksfélögum valgreiðslukröfu til styrktar íslenska landsliðinu í hestaíþróttum. Stjórn Fáks hafnar þessari beiðni.

**10. Kótlettukvöld**

Kótlettukvöld verður haldið laugardaginn 16. mars í kjölfar vetrarleika Fáks. Einar fær tilboð í veitingar.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

